79. stjórnarfundur

27. ágúst 2024

Mætta eru: Selma Svavarsdóttir, Rauan Meirbekova, Valdís Guðmundsdóttir, Heiða Halldórsdóttir, Marta Rós Karlsdóttir, Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir og Ásgerður Sigurðardóttir. Ása Björk Jónsdóttir, Elísabet Ýr Sveinsdóttir og Helga Kristín Jóhannsdóttir boða forföll.

Fundarritari: Marta Rós Karlsdóttir

- **Markmið nýrrar stjórnar**: Rýndum hugmyndavinnu félagskvenna úr trúnóviðburði fyrri stjórnar.
- Notuðum niðurstöður til að setja leiðarljós stjórnarinnar:
  - Að tengja og lyfta upp konum í orkugeiranum og auka sýnileika geirans.
- **Sýnileikinn er mikilvægur:** Til að auka nýliðun í geiranum þarf að vekja athygli á því hvað hann er spennandi. Þurfum að tala meira útávið og fanga þannig athygli kvenna og kvára sem ekki eru í geiranum í dag.
- **Líðan Kvenna í Orkumálum**: Hvernig kynna á niðurstöður og næstu skref
- **Skipulag vinnu**: Google Drive – Yfirlit verkefna stjórnar
- **Tíðni stjórnarfunda**: Formlegir stjórnarfundir verða haldnir einu sinni í mánuði, annarri viku hvers mánaðar ásamt vinnufundum þess a milli eftir þörfum.
- **Uppkast að dagskrá**
  - AI námskeið
  - Fjölmiðlanámskeið - aukum sýnileika kvenna
  - Konur Fjárfestum - framhald
  - Jólaviðburður